

Mánudaginn 26. júlí 1915.

Nr. 53/1914.

Sighvatur Bjarnason og
H. Tofte f. h. Íslandsbanka
gegn
Oddi Gíslasyni.

D ó m u r :

Með landsyfírréttardómi uppkveðnum 23. marz f. á. var firmað P. M. Bjarnason & Co. á Ísafirði dæmt til að greiða stefnda, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni 1020 kr. 60 a. með $6\frac{1}{2}\%$ ársvöxtum frá 14. apríl 1908.

Til fullnægingar dómi þessum krafðist stefndi fjárnáms hjá firmanu og við fógetagerð, sem haldinn var í því skyni á Ísafirði 18. júlí f. á., krafðist hann meðal annars fjárnáms í brunabótafé hjá »Trondhjems Brandforsikring« að upphæð 40,000 kr. samkvæmt skirteini nr. 175869, dags. 29. okt. 1912, en með skirteini þessu voru váttrygðar vörur, verkefni, umbúðir og áhöld tilheyrandi niðursuðuverksmiðju firmans á Ísafirði, og höfðu hinir váttrygðu munir brunnið að miklu eða öllu leyti við eldsvoða í geymsluhúsi verksmiðjunnar í nóvembermánuði 1912, en sökum ágreinings milli firmans og váttryggingarfélagsins um upphæð brunatjónsins var brunabótaféð þá enn ógreitt, er fjárnámið fór fram. Áfrýjendur Sighvatur Bjarnason og H. Tofte bankastjórar töldu Íslandsbanka eiga veðrétt í brunabótaupphæðinni og létu mótmæla því í fógetaréttinum, að fjárnám væri gert í henni fyrir kröfu stefnda, en með úrskurði

réttarins, uppkveðnum sama dag, var þeim mótmælum hrundið og fjárnám síðan gert samkvæmt kröfu stefnda.

Úrskurði þessum og fjárnámi hafa nefndir bankastjórar fyrir hönd Íslandsbanka skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 3. des. f. á., og krafist þess, að hvorttveggja verði dæmt ómerkt og felt úr gildi, og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu. En stefndi krefst staðfestingar á úrskurðinum og fjárnáminu og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Þar sem verjandi málsins hefir látið í ljósi, að hann vænti þess, að justitiarius Kristján Jónsson víki úr sæti í máli þessu, með því að hann hafi átt sæti í stjórn Íslandsbanka og tekið þátt í ákvörðun um áfrýjun málsins, þá skal það tekið fram, að justitiarius sat eigi í stjórn bankans, er málinu var áfrýjað, og hefir eigi sitið í henni síðar, og hann átti engan þátt í ákvörðun um áfrýjun málsins; það er því eigi ástæða til þess, að hann víki úr dómarsæti.

Með tryggingarbréfi, dags. 8. júní 1909, veðsetti nefnt firma P. M. Bjarnason & Co. Íslandsbanka til tryggingar því, er það skuldaði útbúi bankans á Ísafirði, alt að 40,000 kr. með 1. veðrétti allar þær birgðir af niðursoðnum vörum, er firmað kynni að hafa fyrirbyggjandi á hverjum tíma sem er í Kaupmannahöfn og á Ísafirði, með váttryggingarupphæðum. Þegar tryggingarbréf þetta var gert, var þó engin váttrygging fengin á nefndum vörubirgðum, og framkvæmd á því virðist eigi hafa orðið fyr en haustið 1912, en þá voru vörubirgðirnar á Ísafirði með skír-

teini, dags. 29. okt., sem fyr getur, váttrygðar í nefndu brunabótafélagi, »Trondhjems Brandforsikring«, fyrir 40,000 kr., og tók firmað við skirteininu og varðveitti það þangað til eftir brunann, en þá var það fengið í hendur útbústjóra Íslandsbanka á Ísafirði til afnota, sem gerðarmanni firmans um ágreining við brunabótafélagið um upphæð brunabótanna, og hefir skirteinið síðan verið í vörzlum bankans. Með skjali, dags. 27. apríl 1913, veitti P. M. Bjarnason, eigandi firmans, Íslandsbanka fult, ótakmarkað og óafturkallanlegt umboð til að taka við og kvitta fyrir brunabótafénu hjá »Trondhjems Brandforsikring«, svo að skuldbindandi væri fyrir firmað, og ennfremur segir í skjalinu: »Þegar bankinn hefir fengið útborgað brunabótaféð, skal hann taka það sem borgun upp í skuld mína við útbú Íslandsbanka á Ísafirði«, og síðan hefir P. M. Bjarnason sjálfur komist svo að orði við vitnaleiðslu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 27. maí þ. á., að hann hafi »afhent Íslandsbanka brunabótaskirteinið til eignar í apríl 1913«.

Stefndi heldur því fram, að með framangreindum ráðstöfunum firmans á brunabótafénu og váttryggingarskirteininu hafi Íslandsbanki eigi öðlast neinn þann rétt eða umráð yfir brunabótafénu, er geti varnað stefnda að gera fjárnám í því til fullnægingar kröfu sinni á hendur firmanu. Veðsetning brunabótafjárns í veðbréfinu 8. júní 1909 telur hann ógilda, með því að þær vörur, er sú veðsetning gat átt við, hafi eigi lengur verið eign firmans, þegar vörubirgðir þess brunnu 1912, enda hafi veðsetning birgðanna verið ólögleg samkvæmt lögum um veð 4. nóv. 1887

og þá einnig veðsetning brunabótafjárnsins fyrir þær. Bankinn hafði eigi heldur átt handveð í brunabótafénu, þó að hann fengi váttryggingaskirteinið í hendur, því að það hafi eigi verið afhent honum í því skyni, heldur til annara afnota í þarfir firmans, og um skjalið 27. apríl segir stefndi, að það sé eigi annað en óafturkallanlegt umboð, byggt á þeim misskilningi, að bankinn eigi veðrétt í brunabótafénu. Stefndi telur eftir þessu, að brunabótaféð hafi verið óbundin eign firmans, þegar fjárnámið fór fram 18. júlí f. á.

Á þá niðurstöðu, sem stefndi þannig kemst að, verður þó eigi fallist, en það verður að telja svo, að bankinn, hvað sem líður gildi veðbréfsins, 8. júní 1909, hafi með skjalinu 27. apríl 1913 öðlast rétt til brunabótafjárnsins, sem eftir málavöxtum og orðum skjalsins verður að teljast handveðréttur, þó að það sé eigi berum orðum tekið fram, því að bankinn hafði þá váttryggingarskirteinið í höndum og fekk með skjalinu heimild, óafturkallanlegt umboð, til að taka við og kvitta fyrir brunabótafénu, og var þessi heimild veitt í bankans þarfir, til þess að hann gæti notfært sér brunabótaféð til greiðslu á skuld firmans og því eigi afturtæk. Brunabótaféð var þannig eigi óbundin eign firmans, þegar fjárnámið 18. júlí f. á. fór fram, og varð fjárnám í því að eins gert að óskertum rétti bankans. En nú var það þegar í fógetaréttinum, eins og það er hér fyrir réttinum, viðurkennt, að brunabótaféð nægi eigi til lúkningar skuld firmans við bankann, og brast stefnda þá heimild til fjárnáms í því. Fyrir því ber að fella hinn

áfrýjaða úrskurð úr gildi og fjárnámsgerðina að því leyti sem henni er áfrýjað.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður og fjárnámsgerð, að því leyti sem henni er áfrýjað, skal úr gildi felt.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 26. júlí 1915.

Nr. 8/1915.

Sveinn Björnsson
f. h. Oluf Holm
gegn
Lyder Höydal og
Jens L. Ouse.

D ó m u r:

Við fúgetagerð í Vestmannaeyjum 10. des. f. á., sem haldinn var eftir kröfu áfrýjanda Sveins Björnssonar yfirréttarmálaflutningsmanns f. h. Oluf Holm hjá stefnda Lyder Höydal til að fullnægja landsyfírréttardómi 27. júlí s. á. í máli milli áfrýjanda og stefnda, kvað fúgetinn upp úrskurð á þá leið, að frekari aðför ætti eigi fram að fara, nema fyrir að-